

START

Starfshópur um
rekstrartruflanir

EFLA verkfræðistofa

**KOSTNAÐUR VEGNA
RAFORKUSKORTS**

Tölur til notkunar árin 2009 og 2010

Reykjavík, desember 2009

© 2009, Starfshópur um rekstrartruflanir

ISSN 1670-7613

ISBN 978-9979-9820-3-6

U:\START_3350\003_START\04_KostnadirSkort\Ritv\KOSTSK07.DOC

SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu Kostnaður vegna raforkuskorts Tölur til notkunar árin 2009 og 2010		Tegund skýrslu	
Verkheiti START, Kostnaður vegna skorts		Verkkaupi START	
Verkefnisstjóri - Efla Jón Vilhjálmsson		Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa Ragnar Stefánsson. Landsnet	
Höfundur Jón Vilhjálmsson	Skýrslunúmer	Verknúmer 3350-003-04	Fjöldi síðna 58
Útdráttur Í þessari skýrslu eru uppfærðar tölur um kostnað vegna rafmagnsleysi miðað við árið 2007 og þá byggt á gögnum um vinnsluvirði atvinnugreina það ár og tölum um raforkunotkun.			
Lykilorð Ísland, raforkunotkun, skortkostnaður			
Staða skýrslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa <input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	

Útgáfusaga						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
0.9	Jón Vilhjálmsson	30.10.2009	START		START	
1.0	Jón Vilhjálmsson	14.12.2009	START	25.11.2009	START	25.11.2009

YFIRLIT

Nánast öll starfsemi í nútímaþjóðfélagi byggir á raforku og truflanir á raforkuafhendingu leiða því af sér kostnað hjá atvinnufyrirtækjum þar sem starfsemi þeirra leggst að mestu niður á meðan rafmagnslaust er. Á heimilum verður fólk fyrir óþægindum þar sem slíkt truflar heimilis- og tómstundastörf. Hér á landi er það fremur sjaldgæft að notendur verði fyrir rafmagnsleysi en á undanförunum árum hafa notendur að meðaltali verið straumlausir í einn til þrjá tíma á ári sem er einungis um 0,01-0,03% af árinu. Auka má öryggi raforkuafhendingar með að styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku en aldrei er hægt að tryggja afhendinguna fullkomlega sama hve miklir fjármunir eru lagðir í kerfið.

Í þessari skýrslu eru uppfærðar tölur um kostnað vegna rafmagnsleysi miðað við árið 2007 og þá byggt á gögnum um vinnsluvirði atvinnugreina það ár og tölum um raforkunotkun. Byggt er á eldri könnunum START hópsins, samantekt frá árinu 1996 og sambærilegum skýrslu sem komu út á árunum 2006 og 2007. Tölurnar eru einnig framreiknaðar til árána 2008, 2009 og 2010 út frá vísitölu neysluverðs en ekki eru til nýrri gögn um vinnsluvirði en frá árinu 2007. Raforkunotendum er skipt niður í meginflokka og kostnaður sýndur fyrir hvern flokk fyrir sig auk þess sem hann er sýndur fyrir mislangt straumleysi. Kostnaðurinn er sýndur í hlutfalli við skerta orkuafhendingu og eru tölur á verðlagi hvers árs, sjá kafla 3 hér að aftan. Að meðaltali er kostnaður við einnar stundar rafmagnsleysi rúmlega hundradfalt heildarrafmagnsverðið, þ.e. kaup á orku og greiðslur fyrir flutning- og dreifingu hennar.

Í kafla 4 hér að aftan eru sýnd nokkur dæmi um kostnað vegna rafmagnsleysis samkvæmt þeim tillögum sem fram koma í þessari skýrslu og kemur þar fram að ef rafmagn fer af landinu öllu í eina klukkustund hefði slíkt kostað um 560 Mkr að meðaltali á árinu 2007. Ef slík truflun hefði komið um hávetur þegar atvinnulífið er á fullum afköstum hefði kostnaðurinn orðið mun meiri eða um 1.510 Mkr. Ef truflun á sér stað utan reglulegs vinnutíma eru áhrifin minni en ella og áætlað er að kostnaður við klukkustundar straumleysi um helgi að sumri til hafi numið um 310 Mkr. Þessar tölur hafa hækkað verulega frá árinu 1995 vegna þess að notkunin hefur aukist mikið, vinnsluvirði atvinnugreina hefur vaxið hraðar en raforkunotkunin, laun hafa vaxið hraðar en raforkunotkun heimila og verðlag hefur hækkað nokkuð á tímabilinu. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna skorts muni standa í stað eða lækka á allra næstu árum sökum erfiðs efnahagsástands en til lengri tíma litið er líklegt að hann vaxi.

Atvinnulíf er breytilegt á milli landshluta hér innanlands og af þeim sökum eru áhrif rafmagnsleysis mismunandi. Á höfuðborgarsvæðinu er þjónustustarfsemi hlutfallslega mest en hún er ákaflega viðkvæm fyrir rafmagnsleysi. Verslanir verða óstarfhæfar í rafmagnsleysi sökum þess að ljós vantar til að viðskiptavinir geti skoðað vöruúrvalið og afgreiðslubúnaður verður ónothæfur. Á skrifstofum fellur niður nánast

Öll starfsemi þar sem ljós vantar og tölvu- og skrifstofubúnaður verður óstarfhæfur. Iðnaður er einnig viðkvæmur fyrir rafmagnsleysi þar sem framleiðslan fellur niður auk þess sem skemmdir geta orðið á hráefni og unninni vöru. Ef rafmagnsleysi á sér stað á vinnutíma er kostnaður (kostnaður á skerta orkueiningu) því hlutfallslega mestur á höfuðborgarsvæðinu, ef einungis er litið á almenna notkun og stóriðjunotendur því ekki teknir með. Í öðrum landshlutum er kostnaður háður aðstæðum á hverjum stað en þar sem hann er hlutfallslega minnstu nemur hann um helmingi af kostnaði á höfuðborgarsvæðinu. Ef rafmagnsleysi á sér stað utan vinnutíma er kostnaðurinn ekki eins breytilegur milli landshluta.

Lauslega áætlað hefur kostnaður raforkunotenda af rafmagnsleysi vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfum raforku numið um 1.200 Mkr á árinu 2007 svo hér er um verulegar fjárhæðir að ræða sbr. hér að neðan þar sem tölur eru sýndar á verðlagi hvers árs. Meðaltal síðustu fimm ára er um 1.300 Mkr. á verðlagi ársins 2008. Hafa ber í huga að kostnaður getur verið mjög breytilegur milli ára þar sem ytri aðstæður, svo sem veðurfar, eru breytilegar.

Ár	Kostnaður Mkr.
2004	623
2005	1.128
2006	1.411
2007	1.186
2008	1.260

Þegar þær tölur sem hér koma fram eru notaðar ber að hafa í huga að veruleg óvissa er í þessum tölum. Hér er þó um að ræða þau bestu gögn sem til eru hér á landi og byggja þau á ítarlegum athugunum START hópsins. Þar sem þróun atvinnulífsins er mjög hröð og tæknivæðing þess vex stöðugt er rétt að fylgjast með áhrifum þess á kostnað vegna raforkuskorts og telur hópurinn rétt að endurskoða þessar tölur árlega út frá breytingum á raforkunotkun og verðlagi. Á nokkurra ára fresti væri síðan eðlilegt að kanna hvort ástæða sé til að kanna þennan kostnað ítarlega að nýju.

EFNISYFIRLIT

YFIRLIT	5
EFNISYFIRLIT.....	7
TÖFLUSKRÁ	8
MYNDASKRÁ	8
1. INNGANGUR	9
2. KOSTNAÐUR METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM.....	11
3. TILLÖGUR.....	13
4. NOKKUR DÆMI UM ÁÆTLAÐAN KOSTNAÐ VEGNA SKORTS.....	23
5. SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND	29
HEIMILDIR	35
ENGLISH SUMMARY	37
VIÐAUKI 1, ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FYRIRVARALAUSS RAFORKUSKORTS SEM METINN ER ÚT FRÁ HAGTÖLUM.....	43

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2.1	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FYRIRVARALAUSS RAFORKUSKORTS SEM ER METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM. BYGGT ER Á TÖLUM ÚR ÞJÓDHAGSUPPGJÖRI HAGSTOFU ÍSLANDS FYRIR ÁRIÐ 2007 OG TÖLURNAR BORNAR SAMAN VIÐ NIÐURSTÖÐUR FRÁ 1996.	12
TAFLA 3.1	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS. KOSTNAÐUR Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 2007.	14
TAFLA 3.2	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS. KOSTNAÐUR Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 2008.	16
TAFLA 3.3	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS. KOSTNAÐUR Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 2009.	18
TAFLA 3.4	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS. KOSTNAÐUR Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 2010.	20
TAFLA 4.1	KOSTNAÐUR VIÐ RAFMAGNSLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ SEM NÆR TIL ALLS LANDSINS ÁRIÐ 2007 SKIPT NIÐUR Á MEGINFLOKKA.	25
TAFLA 4.2	KOSTNAÐUR VIÐ RAFMAGNSLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ SEM NÆR TIL ALLS LANDSINS ÁRIÐ 2007 SKIPT NIÐUR Á LANDSHLUTA.	26
TAFLA 4.3	MEÐALKOSTNAÐUR Á KWH VIÐ RAFMAGNSLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ ÁRIÐ 2007 EFTIR LANDSHLUTUM.	27
TAFLA 4.4	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR RAFORKUNOTENDA VEGNA SKERÐINGA Á RAFORKUAFHENDINGU VEGNA FYRIRVARALAUSRA TRUFLANA Í FLUTNINGS- OG DREIFIKERFUM RAFORKU ÁRIN 2004-2008. TÖLUR Á VERÐLAGI HVERS ÁRS.	28

MYNDASKRÁ

MYND 4.1	SKIPTING MEÐALKOSTNAÐAR ÁRIÐ 2007 NIÐUR Á FLOKKA VIÐ 8 STUNDA RAFMAGNSLEYSI SEM NÆR TIL LANDSINS ALLS.	24
MYND 4.2	SKIPTING MEÐALKOSTNAÐAR ÁRIÐ 2007 NIÐUR Á LANDSHLUTA VIÐ 8 STUNDA RAFMAGNSLEYSI SEM NÆR TIL LANDSINS ALLS.	24
MYND 5.1	ÚTREIKNINGUR Á KILE KOSTNAÐI Í NOREGI.	30
MYND 5.2	SAMANBURÐUR MILLI LANDA Á KOSTNAÐI HEIMILA VIÐ RAFORKUSKORT.	30
MYND 5.3	SAMANBURÐUR MILLI LANDA Á KOSTNAÐI Í LANDBÚNAÐI VIÐ RAFORKUSKORT.	31
MYND 5.4	SAMANBURÐUR MILLI LANDA Á KOSTNAÐI Í IÐNAÐI VIÐ RAFORKUSKORT.	31
MYND 5.5	SAMANBURÐUR MILLI LANDA Á KOSTNAÐI Í VERSLUN VIÐ RAFORKUSKORT.	32
MYND 5.6	SAMANBURÐUR MILLI LANDA Á KOSTNAÐI Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU VIÐ RAFORKUSKORT.	32

1. INNGANGUR

Í upphafi árs 1986 mynduðu nokkur helstu raforkufyrirtæki landsins ásamt Orkustofnun starfshóp til að koma á skráningu rekstrartruflana og til að vinna að mati á kostnaði notenda vegna rafmagnsleysis (START hópurinn). Skráning rekstrartruflana hefur nú staðið yfir í um tvo áratugi og liggja því fyrir ítarlegar upplýsingar um truflanir í raforkukerfinu á síðustu árum. Hópurinn hefur einnig unnið nokkrar athuganir á kostnaði vegna skorts og árið 1996 voru þessar upplýsingar teknar saman auk þess sem settar voru fram tölur um þennan kostnað sem nota má við gerð áætlana um uppbyggingu raforkukerfisins. Á árinu 2006 var ákveðið að stefna að því að uppfæra þessar tölur á hverju ári og var það gert árin 2006 og 2007 en það féll niður árið 2008. Hér kemur síðan útgáfa fyrir árið 2009 og tekur hún miða af rauntölum ársins 2007 sem eru nýjustu gögn sem nú er hægt að miða við. Hafa ber í huga þegar þessar tölur eru notaðar að veruleg óvissa er í þeim.

Segja má að raforka sé ein meginundirstaða nútímaþjóðfélags. Við rafmagnsleysi stoppar mest öll atvinnustarfsemi sem leiðir af sér framleiðslutap og þar af leiðandi tekjutap eða aukin útgjöld við að vinna upp framleiðslutap. Einnig geta orðið skemmdir á hráefni og unninni vöru og aukin vinna af ýmsum ástæðum. Rafmagnsleysi hefur því mismunandi áhrif jafnvel innan sömu atvinnugreinar. Á heimilum eru rafmagnstæki ómissandi og bæði heimilis- og frístundastörf fólks truflast verulega við rafmagnsleysi. Ekki hafa verið fundnar neinar leiðir til að meta kostnað vegna raforkuskorts nákvæmlega en beinar kannanir á kostnaði einstakra fyrirtækja hafa verið einna mest notaðar á undanförunum árum. Slíkar athuganir eru umfangsmiklar og dýrar. Einnig er hægt að meta kostnaðinn lauslega út frá hagtölum en þá fást ekki upplýsingar um það hvernig hann breytist eftir tíma truflunar eða lengd.

START hópurinn vann nokkrar athuganir á kostnaði vegna raforkuskorts fyrir einum til tveimur áratugum síðan bæði út frá hagtölum og með könnunum. Fyrri aðferðin gefur yfirleitt fremur lág gildi á kostnaðinum þar sem þá er ekki mögulegt að meta þætti eins og skemmdir á hráefni og unninni vöru eða kostnað við að koma framleiðslu af stað að nýju. Aftur á móti geta kannanir gefið fremur mikinn kostnað þar sem fólk vill oft vera á öruggu hliðinni ef það er spurt um slíkt.

Í Starfshópi um rekstrartruflanir eiga nú eftirtaldir sæti:

HS Veitur:	Egill Sigmundsson
Landsnet:	Ragnar Stefánsson
Orkubú Vestfjarða:	Ragnar Emilsson
Orkustofnun:	Ívar Þorsteinsson
Orkuveita Reykjavíkur:	Rúnar Svavar Svavarsson/Kristín Cecildóttir

RARIK:	Kjartan Rolf Árnason
Rafveita Reyðarfjarðar:	Sigfús Guðlaugsson
Norðurorka:	Gunnar Haukur Gunnarsson
Starfsmaður hópsins:	Jón Vilhjálmsson

Sú breyting hefur orðið á START hópnum frá því síðasta skýrsla kom út að Nils Gústavsson (fulltrúi Landsnets) og Steingrímur Jónsson (fulltrúi Rarik) hafa horfið úr hópnum og eru þeim þökkuð góð störf fyrir hópinn. Í þeirra stað hafa komið Ragnar Stefánsson og Kjartan Rolf Árnason.

Jón Vilhjálmsson hjá EFLU verkfræðistofu hefur verið starfsmaður hópsins og tók hann saman þessa skýrslu.

2. KOSTNAÐUR METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM

Starfshópur um rekstrartruflanir áætlaði á árinu 1989 kostnað vegna raforkuskorts út frá upplýsingum um raforkunotkun greindum niður á notkunarflokkum og út frá hagtölum fyrir einstakar atvinnugreinar sjá [1]. Þessar tölur voru síðan endurreiknaðar á árinu 1996, sjá [2]. Á árinu 2006 voru þessar tölur endurreiknaðar að nýju [5] út frá gögnum ársins 2004 og var slíkur endurreikningur endurtekinn árið 2007. Í þessari skýrslu eru gögnin uppfærð út frá tölum fyrir árið 2007. Byggt er á tölum Hagstofu Íslands um vinnsluviðri einstakra atvinnugreina sem flokkaðar eru eftir ISAT flokkun [3] og eru nýjustu tölurnar þar fyrir árið 2007. Þessi flokkun samræmist ágætlega flokkun raforkunotkunar eftir notkunarflokkum sem orkuspárnefnd birtir árlega og til samræmis við tölur Hagstofu Íslands verða hér notuð gögn um raforkunotkun fyrir árið 2007 [4].

Hér verða notaðar sömu aðferðirnar við að meta kostnaðinn og í skýrslunum frá 1989, 1996 og 1997. Hafa ber í huga að tölur um kostnað vegna raforkuskorts geta aldrei verið mjög nákvæmar auk þess sem þær eru háðar því hvernig stendur á hjá notandanum er til rafmagnsleysis kemur og því hve lengi rafmagnsleysið varir. Sú aðferð sem hér er notuð gefur einungis eina tölu fyrir hverja atvinnugrein fyrir sig en gefur engar upplýsingar um hve breytilegur hann getur verið. Þessar niðurstöður ættu að gefa þokkalega mynd af meðalkostnaði vegna raforkuskorts í flestum atvinnugreinum en þó ættu þær að vera heldur í lægri kantinum. Í almennum iðnaði er t.d. erfitt að taka tillit til skemmda á framleiðslutækjum, hráefnum eða afurðum. Í öllum atvinnugreinum tekur einhvern tíma að koma starfsemi í gang að nýju eftir rafmagnsleysi.

Í töflu 2.1 er sýndur áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts samkvæmt þessum reikningum og til samanburðar eru sýndar tölur úr skýrslunni frá 1996 [2]. Þar kemur fram hækkun frá árinu 1995 og er hún nokkuð meiri en sem samsvarar vísitölu neysluverðs eins og fram kemur í töflunni. Þetta er vegna þess að landsframleiðsla hefur vaxið hraðar en raforkunotkun. Aukning í opinberri þjónustu er mjög mikil væntanlega vegna þess að útreikningar á vinnsluvirði í eldri skýrslu hafa ekki gefið rétta mynd af þeim þætti. Þessi hækkun er einnig í góðu samræmi við kannanir um kostnað vegna raforkuskorts enda bentu þær til þess að þessi þáttur væri vanmetinn. Í töflunni hafa niðurstöður verið teknar saman í meginflokkum en í viðauka 1 eru aftur á móti sýndar tölur fyrir einstakar atvinnugreinar.

Tafla 2.1 Áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts sem er metinn út frá hagtölum. Byggt er á tölum úr þjóðhagsuppgjöri Hagstofu Íslands fyrir árið 2007 og tölurnar bornar saman við niðurstöður frá 1996.

Meginflokkur	Reiknað Verðmæti orkunnar 1993 Verðlag 1995 kr./kWh	Reiknað verðmæti orkunnar 2007 Verðlag 2007 kr./kWh	Hækkun 1995-2007
Heimili	362	856	2,37
Landbúnaður með heimilisnotkun	84	141	1,88
Landbúnaður án heimilisnotkunar	107	117	1,09
Iðnaður	30	27	0,90
Iðnaður án stóriðju	147	317	2,15
Opinber þjónusta með veitum	43	278	6,46
Viðskipti, handiðnir og ö. þjónusta	276	825	2,99
Annað	41	48	1,17
ALLS	92	139	1,63
ALLS utan stóriðju	179	469	2,83
Áliðnaður	1,0	2,1	1,98
Járblendiiðnaður	2,0	2,1	1,05
Vísitala neysluverðs	173,2	273,7	1,58
Byggingarvísitala	203,6	372,5	1,83

Í viðauka 1 eru atvinnugreinar flokkaðar samkvæmt ISAT flokkun eins og gert er í töflum um vinnsluvirði. Margir af þeim flokkum hafa engan samsvarandi flokk fyrir raforkunotkun en raforkunotkun er þá yfirleitt til fyrir yfirflokkinn. Þetta er vegna þess að sundurgreiningin í ÍSAT er mun ítarlegri en flokkun raforkunotkunar. Það sem kallað er annað hér er flokkur þar sem erfitt er að meta kostnað vegna skorts svo sem götu- og hafnarlýsing en þegar hún dettur út eru meiri líkur á slysum og óhöppum. Skip í höfnum (1812) geta notað ljósavélar ef ekki fæst rafmagn úr landi og veldur það auknum olúkaupum en á móti sparast raforkukaup. Ekki er talinn neinn kostnaður vegna eigin notkunar rafveitna þar sem áhrif rafmagnsleysis koma fram hjá viðskiptavinum veitnanna (1501-1511). Vatnsveitur (1521) verða yfirleitt ekki af tekjum í rafmagnsleysi þar sem tekjur þeirra eru að mestu innheimtar með sköttum óháð vatnsnotkun. Varðandi rafhitun (1930) er miðað við að hiti fari almennt af húsum við rafmagnsleysi óháð hitunaraðferð og því er hitunin innifalin í mati á heimilisnotkun.

3. TILLÖGUR

Út frá niðurstöðunum í kafla 2 hafa tölur um kostnað vegna skorts sem settar voru fram í skýrslu frá 1996 verið uppfærðar [2]. Notaðar eru tölurnar í aftasta dálknum í töflu 2.1 til að uppfæra kostnaðartölurnar. Á þennan hátt fást gildi fyrir árið 2007 og þau eru síðan hækkuð um 12% til að fá gildi fyrir árið 2008 og er þá tekið miða af hækkun neysluverðs milli árunna 2007 og 2008. Á sama hátt eru síðan fundnar tölur fyrir árin 2009 og 2010 nema núna þarf að áætla hver hækkun neysluverðsvísitölu verður á milli þessara ára og þá tekið mið af spá fjármálaráðuneytis [6].

Tölum fyrir landbúnað er breytt á þann veg að þær eigi við um landbúnað og heimilisnotkun í landbúnaði svo að auðveldara sé að nota tölurnar með tölum um raforkunotkun þar sem þá eru þessir þættir ekki sundurgreindir. Kostnaður stóriðjufyrirtækja er hækkaður um 58% í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Tafla 3.1 sýnir kostnað sem hér er lagt til að notaður verði við athuganir á raforkukerfinu í samræmi við það sem rakið er hér að framan. Hafa ber í huga að kostnaður á heimilum getur verið ofáætlaður á rafhitasvæðum vegna þess að notað er meðaltal allra heimila. Í töflu 3.2 hefur kostnaðurinn verið framreiknaður til verðlags ársins 2008, í töflu 3.3 til áætlaðs verðlags 2009 og í töflu 3.4 til áætlaðs verðlags ársins 2010. Tölurnar fyrir 2007 og 2008 eru aðeins breyttar frá tölunum sem voru í síðustu skýrslu þar sem nú er byggt á tölum ársins 2007 í stað 2005 og notaðar eru nýjar tölur um vísitölu neysluverðs þar sem tölur árunna 2007 og 2008 liggja fyrir. ***Hér er lagt til að í öllum almennum útreikningum á kostnaði vegna skorts sé notaður meðalkostnaður við 60 mínútna truflun sbr. lið a) í töflum 3.1 til 3.4. Ef þörf er á útarlegri reikningum vegna einstakra truflana eru notuð þær tölur sem við eiga í þessum töflum. Þetta er lagt til hér til að einfalda útreikninga á kostnaði.***

Kostnaður notenda vegna rafmagnsleysis er í flestum tilvikum margfalt það verð sem notendur eru að greiða fyrir raforkuna og sem dæmi er meðalkostnaður heimila við stutt rafmagnsleysi tæplega hundraðfallt rafmagnsverðið. Ástæða þess að kostnaður er mikill við rafmagnsleysi á heimilum er að fólk getur þá ekki sinnt heimilisstörfum eða því sem það hefur áhuga á að nýta frítíma sinni í. Þetta veldur verulegum óþægindum og líklegt að fólk væri reiðubúið að greiða þó nokkuð til að komast hjá slíkum óþægindum. Besta mat á verðmætinu er að nota tölur um laun (atvinnutekjur) og segja að fólk verðmeti tíma sinni í samræmi við þau laun sem það getur fengið greitt fyrir hann. Þegar þessar tölur eru notaðar verður að hafa í huga að veruleg óvissa er í þessu mati en tölurnar hafa verið uppfærðar miðað við áætlaðar tölur ársins 2007 (rauntölur liggja ekki fyrir).

Tafla 3.1 Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2007.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.000	1.000	710	1.280
Landbúnaður	1.070	490	340	320
Iðnaður án stóriðju	2.580	1.140	770	710
Áliðnaður	50	30	620	490
Járnblendiiðnaður	20	20	20	20
Opinber þjónusta	2.650	2.330	3.360	2.200
Verslun og viðskipti	7.650	3.710	2.090	1.760
Veitur	0	0	0	0
Annað	70	70	70	70

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.000	1.000	710	1.280
Landbúnaður	860	390	300	280
Iðnaður án stóriðju	8.170	3.010	1.740	1.850
Áliðnaður	50	30	620	490
Járnblendiiðnaður	20	20	20	20
Opinber þjónusta	6.270	6.650	6.650	5.230
Verslun og viðskipti	9.270	7.180	4.780	4.190
Veitur	0	0	0	0
Annað	70	70	70	70

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.210	1.210	850	1.540
Landbúnaður	860	390	300	280
Iðnaður án stóriðju	150	150	150	150
Áliðnaður	50	20	620	490
Járnblendiiðnaður	20	20	20	20
Opinber þjónusta	1.680	1.290	2.390	1.420
Verslun og viðskipti	6.280	1.640	540	390
Veitur	0	0	0	0
Annað	70	70	70	70

d) Kostnaður á virkum degi að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	330	330	240	430
Landbúnaður	1.030	1.030	560	470
Iðnaður án stóriðju	8.170	3.010	1.740	1.850
Áliðnaður	50	20	620	490
Járblendiiðnaður	20	20	20	20
Opinber þjónusta	3.100	4.260	3.680	2.200
Verslun og viðskipti	10.170	8.070	5.380	4.780
Veitur	0	0	0	0
Annað	70	70	70	70

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	450	450	330	590
Landbúnaður	1.030	1.030	560	470
Iðnaður án stóriðju	260	1.380	160	160
Áliðnaður	50	30	620	490
Járblendiiðnaður	20	20	20	20
Opinber þjónusta	1.680	1.290	2.390	1.420
Verslun og viðskipti	6.880	1.850	720	510
Veitur	0	0	0	0
Annað	70	70	70	70

Tafla 3.2 Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2008.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.124	1.124	798	1.439
Landbúnaður	1.203	551	382	360
Iðnaður án stóriðju	2.900	1.282	866	798
Áliðnaður	56	34	697	551
Járnblendiiðnaður	22	22	22	22
Opinber þjónusta	2.979	2.619	3.777	2.473
Verslun og viðskipti	8.600	4.171	2.350	1.979
Veitur	0	0	0	0
Annað	79	79	79	79

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.124	1.124	798	1.439
Landbúnaður	967	438	337	315
Iðnaður án stóriðju	9.185	3.384	1.956	2.080
Áliðnaður	56	34	697	551
Járnblendiiðnaður	22	22	22	22
Opinber þjónusta	7.049	7.476	7.476	5.880
Verslun og viðskipti	10.422	8.072	5.374	4.710
Veitur	0	0	0	0
Annað	79	79	79	79

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.360	1.360	956	1.731
Landbúnaður	967	438	337	315
Iðnaður án stóriðju	169	169	169	169
Áliðnaður	56	22	697	551
Járnblendiiðnaður	22	22	22	22
Opinber þjónusta	1.889	1.450	2.687	1.596
Verslun og viðskipti	7.060	1.844	607	438
Veitur	0	0	0	0
Annað	79	79	79	79

d) Kostnaður á virkum degi að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	371	371	270	483
Landbúnaður	1.158	1.158	630	528
Iðnaður án stóriðju	9.185	3.384	1.956	2.080
Áliðnaður	56	22	697	551
Járblendiiðnaður	22	22	22	22
Opinber þjónusta	3.485	4.789	4.137	2.473
Verslun og viðskipti	11.433	9.072	6.048	5.374
Veitur	0	0	0	0
Annað	79	79	79	79

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	506	506	371	663
Landbúnaður	1.158	1.158	630	528
Iðnaður án stóriðju	292	1.551	180	180
Áliðnaður	56	34	697	551
Járblendiiðnaður	22	22	22	22
Opinber þjónusta	1.889	1.450	2.687	1.596
Verslun og viðskipti	7.735	2.080	809	573
Veitur	0	0	0	0
Annað	79	79	79	79

Tafla 3.3 Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2009.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.259	1.259	894	1.611
Landbúnaður	1.347	617	428	403
Iðnaður án stóriðju	3.247	1.435	969	894
Áliðnaður	63	38	780	617
Járnblendiiðnaður	25	25	25	25
Opinber þjónusta	3.335	2.933	4.229	2.769
Verslun og viðskipti	9.629	4.670	2.631	2.215
Veitur	0	0	0	0
Annað	88	88	88	88

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.259	1.259	894	1.611
Landbúnaður	1.082	491	378	352
Iðnaður án stóriðju	10.283	3.789	2.190	2.329
Áliðnaður	63	38	780	617
Járnblendiiðnaður	25	25	25	25
Opinber þjónusta	7.892	8.370	8.370	6.583
Verslun og viðskipti	11.668	9.037	6.016	5.274
Veitur	0	0	0	0
Annað	88	88	88	88

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.523	1.523	1.070	1.938
Landbúnaður	1.082	491	378	352
Iðnaður án stóriðju	189	189	189	189
Áliðnaður	63	25	780	617
Járnblendiiðnaður	25	25	25	25
Opinber þjónusta	2.115	1.624	3.008	1.787
Verslun og viðskipti	7.904	2.064	680	491
Veitur	0	0	0	0
Annað	88	88	88	88

d) Kostnaður á virkum degi að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	415	415	302	541
Landbúnaður	1.296	1.296	705	592
Iðnaður án stóriðju	10.283	3.789	2.190	2.329
Áliðnaður	63	25	780	617
Járblendiiðnaður	25	25	25	25
Opinber þjónusta	3.902	5.362	4.632	2.769
Verslun og viðskipti	12.801	10.158	6.772	6.016
Veitur	0	0	0	0
Annað	88	88	88	88

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	566	566	415	743
Landbúnaður	1.296	1.296	705	592
Iðnaður án stóriðju	327	1.737	201	201
Áliðnaður	63	38	780	617
Járblendiiðnaður	25	25	25	25
Opinber þjónusta	2.115	1.624	3.008	1.787
Verslun og viðskipti	8.660	2.329	906	642
Veitur	0	0	0	0
Annað	88	88	88	88

Tafla 3.4 Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2010.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.359	1.359	965	1.740
Landbúnaður	1.455	666	462	435
Iðnaður án stóriðju	3.507	1.550	1.047	965
Áliðnaður	68	41	843	666
Járnblendiiðnaður	27	27	27	27
Opinber þjónusta	3.602	3.167	4.567	2.991
Verslun og viðskipti	10.399	5.043	2.841	2.392
Veitur	0	0	0	0
Annað	95	95	95	95

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.359	1.359	965	1.740
Landbúnaður	1.169	530	408	381
Iðnaður án stóriðju	11.106	4.092	2.365	2.515
Áliðnaður	68	41	843	666
Járnblendiiðnaður	27	27	27	27
Opinber þjónusta	8.523	9.040	9.040	7.110
Verslun og viðskipti	12.601	9.760	6.498	5.696
Veitur	0	0	0	0
Annað	95	95	95	95

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.645	1.645	1.155	2.093
Landbúnaður	1.169	530	408	381
Iðnaður án stóriðju	204	204	204	204
Áliðnaður	68	27	843	666
Járnblendiiðnaður	27	27	27	27
Opinber þjónusta	2.284	1.754	3.249	1.930
Verslun og viðskipti	8.537	2.229	734	530
Veitur	0	0	0	0
Annað	95	95	95	95

d) Kostnaður á virkum degi að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	449	449	326	585
Landbúnaður	1.400	1.400	761	639
Iðnaður án stóriðju	11.106	4.092	2.365	2.515
Áliðnaður	68	27	843	666
Járblendiiðnaður	27	27	27	27
Opinber þjónusta	4.214	5.791	5.002	2.991
Verslun og viðskipti	13.825	10.970	7.313	6.498
Veitur	0	0	0	0
Annað	95	95	95	95

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	612	612	449	802
Landbúnaður	1.400	1.400	761	639
Iðnaður án stóriðju	353	1.876	217	217
Áliðnaður	68	41	843	666
Járblendiiðnaður	27	27	27	27
Opinber þjónusta	2.284	1.754	3.249	1.930
Verslun og viðskipti	9.352	2.515	979	693
Veitur	0	0	0	0
Annað	95	95	95	95


4. NOKKUR DÆMI UM ÁÆTLAÐAN KOSTNAÐ VEGNA SKORTS

Út frá kostnaðinum sem áætlaður er í kafla 3 hefur verið metinn heildarkostnaður við mislangar truflanir út frá raforkunotkun ársins 2007. Litið er á rafmagnsleysi sem nær til heilla landshluta eða til landsins alls.


Á mynd 4.1 er sýndur meðalkostnaður við 8 klukkustunda truflun sem nær til landsins alls skiptur niður á notkunarflokk og á mynd 4.2 er kostnaðinum skipt niður á landshluta. Athyglisvert er að rúmlega 50% kostnaðarins er í áliðnaði og næst stærsti flokkurinn er verslun og viðskipti með 17%. Um $\frac{3}{4}$ hlutar kostnaðarins er á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi og síðan kemur Austurland með 10%. Í styttri truflunum vegur áliðnaður mun minna eða rúm 4% af heildinni í truflun sem er um eða innan við ein klukkustund og hlutur höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands er þá rúm 60%.

Í töflu 4.1 er kostnaður vegna rafmagnsleysis á landinu öllu sýndur og er hann þar greindur niður á meginflokk notkunar. Í töflu 4.2 er kostnaðurinn síðan greindur niður á landshluta. Kostnaður vegna almennrar notkunar er hlutfallslega mestur á höfuðborgarsvæðinu, eins og fram kemur í töflu 4.3, enda vega verslun og viðskipti þyngst í notkuninni þar, en eins og fram kemur í töflu 3.1 er kostnaðurinn hlutfallslega mestur í þeim flokki. Kostnaðurinn er hlutfallslega minnstur á Suðurlandi vegna þess hve stór hluti notkunarinnar þar er í veitustarfsemi. Veitustarfsemi vegur þungt á Vestfjörðum.

Nota má þær tölur sem hér hafa verið settar fram til að meta þann kostnað sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á undanförunum árum vegna skertrar afhendingar raforku vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfum raforku [7]. Ef notaðar eru heildartölur um skerðingu almennrar notkunar og henni skipt niður á flokka eftir því hvernig almenna notkunin skiptist niður á flokka auk þess sem tekin er sérstaklega skerðing til stóriðju fást þær niðurstöður sem sýndar eru í töflu 4.4. Um er að ræða kostnað sem notendur raforku verða fyrir vegna truflana í flutnings- og aðveitukerfum raforku. Eins og sést í töflunni er hér um verulegar fjárhæðir að ræða eða tæpar 1.300 Mkr á árinu 2008.



Mynd 4.1 Skipting meðalkostnaðar árið 2007 niður á flokka við 8 stunda rafmagnsleysi sem nær til landsins alls.



Mynd 4.2 Skipting meðalkostnaðar árið 2007 niður á landshluta við 8 stunda rafmagnsleysi sem nær til landsins alls.

Tafla 4.1 Kostnaður við rafmagnsleysi af mismunandi lengd sem nær til alls landsins árið 2007 skipt niður á meginflokka.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. Mkr	60 mín. Mkr	240 mín. Mkr	480 mín. Mkr
Heimili	23,6	94,4	268,1	966,9
Landbúnaður	6,8	12,5	34,7	65,4
Iðnaður án stóriðju	51,6	91,1	246,2	454,0
Áliðnaður	10,1	24,4	2.013,1	3.181,9
Járnblendiiðnaður	0,6	2,3	9,2	18,3
Opinber þjónusta	18,9	66,4	383,2	501,8
Verslun og viðskipti	139,4	270,4	609,2	1.026,1
Veitur	0,0	0,0	0,0	0,0
Annað	0,3	1,1	4,5	9,0
Samtals	251,3	562,6	3.568,2	6.223,3

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. Mkr	60 mín. Mkr	240 mín. Mkr	480 mín. Mkr
Heimili	33,0	132,2	375,4	1.353,6
Landbúnaður	7,7	13,9	42,9	80,1
Iðnaður án stóriðju	228,6	336,8	778,8	1.656,2
Áliðnaður	10,1	24,4	2.013,1	3.181,9
Járnblendiiðnaður	0,6	2,3	9,2	18,3
Opinber þjónusta	62,6	265,4	1.061,7	1.670,0
Verslun og viðskipti	236,4	732,5	1.950,7	3.419,9
Veitur	0,0	0,0	0,0	0,0
Annað	0,4	1,6	6,3	12,6
Samtals	579,4	1.509,1	6.238,1	11.392,6

c) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. Mkr	60 mín. Mkr	240 mín. Mkr	480 mín. Mkr
Heimili	8,5	34,0	99,7	356,5
Landbúnaður	5,3	21,0	45,8	76,8
Iðnaður án stóriðju	4,2	88,2	40,9	81,8
Áliðnaður	10,1	24,4	2.013,1	3.181,9
Járnblendiiðnaður	0,6	2,3	9,2	18,3
Opinber þjónusta	9,6	29,4	218,0	259,1
Verslun og viðskipti	100,3	107,9	167,9	237,9
Veitur	0,0	0,0	0,0	0,0
Annað	0,2	0,9	3,6	7,2
Samtals	138,7	308,1	2.598,2	4.219,6

Tafla 4.2 Kostnaður við rafmagnsleysi af mismunandi lengd sem nær til alls landsins árið 2007 skipt niður á landshluta.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. Mkr	60 mín. Mkr	240 mín. Mkr	480 mín. Mkr
Suðurnes	12,7	28,5	81,8	162,6
Höfuðborgarsvæðið	135,2	300,1	1.619,3	2.816,2
Vesturland	19,8	47,8	1.126,6	1.836,9
Vestfirðir	7,3	18,2	58,8	122,6
Norðurland	27,1	61,0	187,6	363,0
Austurland	28,4	60,5	357,2	637,7
Suðurland	20,7	46,5	136,9	284,3
Samtals	251,3	562,6	3.568,2	6.223,3

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. Mkr	60 mín. Mkr	240 mín. Mkr	480 mín. Mkr
Suðurnes	30,7	79,0	223,0	438,2
Höfuðborgarsvæðið	268,8	801,1	3.086,0	5.555,1
Vesturland	43,0	104,6	1.283,1	2.153,2
Vestfirðir	18,9	49,6	148,6	301,5
Norðurland	72,9	173,6	499,1	978,5
Austurland	93,2	180,8	659,1	1.272,3
Suðurland	51,8	120,4	339,2	693,8
Samtals	579,4	1.509,1	6.238,1	11.392,6

c) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. Mkr	60 mín. Mkr	240 mín. Mkr	480 mín. Mkr
Suðurnes	6,5	14,5	28,9	52,8
Höfuðborgarsvæðið	85,5	137,2	1.099,3	1.770,0
Vesturland	12,0	34,2	1.065,9	1.702,1
Vestfirðir	3,3	9,8	24,1	45,2
Norðurland	12,4	37,7	76,8	133,9
Austurland	9,1	42,9	240,4	398,3
Suðurland	9,9	31,9	62,8	117,4
Samtals	138,7	308,1	2.598,2	4.219,6

Tafla 4.3 Meðalkostnaður á kWh við rafmagnsleysi af mismunandi lengd árið 2007 eftir landshlutum.

a) Meðalkostnaður.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Suðurnes	1.851	1.039	747	742
Höfuðborgarsvæðið án stóriðju	1.150 3.651	638 2.020	860 1.407	748 1.335
Vesturland án stóriðju	144 2.208	87 1.297	512 987	418 1.035
Vestfirðir	1.279	800	646	673
Norðurland	2.162	1.216	934	904
Austurland án stóriðju	909 2.204	485 1.170	716 860	639 864
Suðurland	1.277	716	527	547
Samtals	767	429	681	594
.....án stóriðju	2.503	1.394	1.005	983

b) Kostnaður á virkum degi að vetri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Suðurnes	3.205	2.060	1.454	1.429
Höfuðborgarsvæðið án stóriðju	2.036 5.263	1.517 3.933	1.461 2.827	1.315 2.655
Vesturland án stóriðju	307 4.165	187 2.510	573 1.796	481 1.842
Vestfirðir	2.371	1.556	1.165	1.181
Norðurland	4.151	2.470	1.775	1.740
Austurland án stóriðju	2.578 5.299	1.250 2.564	1.139 1.698	1.100 1.756
Suðurland	2.277	1.324	933	954
Samtals	1.583	1.031	1.065	973
.....án stóriðju	4.227	2.755	1.959	1.903

c) Kostnaður utan vinnutíma að sumri.

Flokkur	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Suðurnes	1.194	663	330	301
Höfuðborgarsvæðið	774	310	622	501
án stóriðju	2.833	1.108	627	531
Vesturland	88	63	489	391
án stóriðju	1.224	956	493	471
Vestfirðir	721	535	331	310
Norðurland	1.233	937	478	417
Austurland	318	374	524	434
án stóriðju	823	1.020	342	328
Suðurland	762	615	302	282
Samtals	450	250	527	428
.....án stóriðju	1.665	915	468	414

Tafla 4.4 Áætlaður kostnaður raforkunotenda vegna skerðinga á raforkuafhendingu vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfum raforku árin 2004-2008. Tölur á verðlagi hvers árs.

Ár	Kostnaður Mkr.
2004	623
2005	1.128
2006	1.411
2007	1.186
2008	1.260

5. SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND

Áhugavert er að sjá hvernig þær tölur sem hér eru settar fram koma út í samanburði við tölur frá öðrum löndum. Að vísu er ekki mikið til af slíkum tölum og framsetning þeirra er einnig mismunandi. Tölur sem þessar hafa verið einna mest notaðar í Noregi vegna KILE skilgreiningarinnar sem þeir nota til að reikna út kostnað við skerðingar og hefur áhrif á tekjumörk flutnings- og dreifikerfa. Á undanförunum árum hafa þessar skilgreiningar verið þróaðar áfram og nú er kostnaðurinn breytilegur innan ársins eins og fram kemur á mynd 5.1. Notaðir eru stuðlar til að finna kostnaðinn á einstökum tímum innan ársins og er einn stuðull fyrir mánuði, annar fyrir daga og sá þriðji fyrir klukkustundir. Frekari upplýsingar um útreikning á KILE er að finna í SINTEF skýrslu Knut Samdal og fl. frá 2007.

Flestar tölur um kostnað vegna skorts eru byggðar á svipuðum aðferðum og hér hafa verið notaðar, þ.e. annað hvort á skoðanakönnunum eða á hagtölu. Tölur byggðar á hagtölum er t.d. að finna í grein eftir Michiel de Nooij og fleiri frá 2009 þar sem um er að ræða hollensk gögn. Fyrir Svíþjóð fengust gögn úr kynningu frá SWECO. Þessar tölur fyrir Holland og Svíþjóð eru ekki breytilegar eftir lengd truflunar né eftir tíma innan ársins.

